

Nd.

4. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1940.)

1. gr.

Úr öðrum málslið fyrri málsgreinar 6. gr. laganna falli niður orðin: „sem gerð er eftir beiðni eiganda“.

Síðari málsgrein 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur eftir reikningi. Þó skal ekki greiða meira en kr. 0.35 í ferðakostnað fyrir hvers kílómetra vegalengd. Sé gjaldtaki búsettur í kaupstað, kaupúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður hans því aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu (kaupstaðnum, kaupúninu)

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þóknun til úttektarmanna fyrir millimatsgerðir var fyrr greidd eftir lögum nr. 64 14. nóvember 1917, 6. gr., svo sem hér segir:

Fyrir matsgerð að fjárhæð

allt að 500 kr.	2 kr.
yfir 500 — allt að 1000 kr.	3 —
— 1000 — — — 2000 —	4 —
— 2000 — — — 4000 —	5 —
— 4000 —	6 —

og bar ekki á öðru en að sú þóknun þætti sanngjörn. Með lögunum nr. 85 1938 var sett það ákvæði, að fyrir skoðunar- eða matsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir ráðstöfunum hins opinbera án beiðni eiganda, skuli greiða hverjum virðingarmanni 7 krónur á dag.

Þetta ákvæði hefir reynt mjög illa í framkvæmd, og raunar ekki hægt að ætlast til þess, að slík verk sem mat á fasteignum verði mæld í dagsverkum. Það mun því að öllu leyti heppilegast, að þóknun fyrir skoðunar- og matsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir ráðstöfunum hins opinbera, án beiðni eiganda, sé sú sama, sem greidd er fyrir gerðirnar, ef eigandi hefir beiðið um þær.

Að fenginni reynslu við framkvæmd 7. gr. laganna nr. 85 1938 þykir heppilegra að haga greiðslu á kostnaði við ferðalög á þann hátt, sem segir í 2. gr. frumvarpsins.